

Truenorth Ísland ehf.  
Hólmaslóð 8  
101 Reykjavík



Mývatni 1. apríl 2016  
UST201511-140/D.Ö.H.  
09.06.01

### Efni: Leyfi til kvikmyndatöku - Mývatn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Þórs Kjartanssonar f.h. True North, dags. 31. mars 2016, þar sem óskað er eftir áframhaldandi leyfi vegna kvikmyndatöku á ís á Mývatni. Um er að ræða erlenda kvikmynd þar sem bílar eru myndaðir við akstur á ís. Leyfi fyrir kvikmyndatökunni var veitt þann 7. desember 2015 og gildi það leyfi til loka mars. Annað leyfi var veitt þann 27. janúar 2016 til að sökkva eftirlíkingu af bíl niður fyrir ís á vatninu í tengslum við sömu myndatöku.

Mývatn og Laxá eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Í reglugerð um verndun Mývatns og Laxár nr. 665/2012 skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna rannsókna, ljósmyndunar og kvikmyndatöku á verndarsvæðinu og ber Umhverfisstofnun að leita umsagnar Náttúruvísindisstofnunar Íslands við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

#### Lýsing framkvæmdar:

Sótt er um leyfi til að halda áfram kvikmyndatöku á ísilögðu vatni á Álftavogi í Syðriflóa Mývatns. Um 100 manns koma að verkefninu hverju sinni og verður sett upp tjald fyrir starfsmenn á bílastæði við gömlu sundlauginu í Álftagerði. Einnig eru tvö tjöld á bílastæði við Hótel Gíg auk þess sem starfslið heldur til í félagsheimilinu Skjólbrekku. Starfslið telur á þriðja hundrað manns.

Við tökum er gert ráð fyrir að 2-12 bílar og jeppar sem búið er að útlitsbreyta í önnur farartæki verði í mynd á ísnum. Fjöldi ökutækja kvikmyndaliðs er á bilinu 15-20 en að auki eru 15 sexhjól og vélsleðar tiltækir á svæðinu. Til viðhalds brauta á ísnum er notast við 2 snjótroðara en tilgangur þeirra er að laga til og færa snjóköggla úr brautum. Létt dráttarvél með vélsóp er tiltæk á svæðinu til hreinsunar á ís og í landi.

Notuð verða púðurskot við tókurnar auk þess sem eldar eru kveiktir með Propanol Alcohol en það brennur upp í andrúmsloftinu á skömmum tíma.

Komi til kvikmyndunar úr lofti verður notast við þyrllu og flogið í löglegri flughæð.

Sótt er um að mynda til 9. apríl en veður gæti spilað inn í hvenær hægt verður að ljúka verkefninu.

#### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að kvikmyndatakan á þessu tiltekna tímabili komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á náttúruferna eða landslag enda verði þess gætt að raska hvorki landi né dýralífi.

## Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökum við Álftavog í Mývatni til 15. apríl 2016 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær tókum muni ljúka og þegar frágangi líkur.
- TrueNorth ehf. skal tryggja það að framleiðandi sé upplýstur um þær reglur sem gilda um Mývatn og þau skilyrði sem fram koma í leyfi þessu.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt skriflega um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Meta skal burðarþol íss reglulega og daglega á hlýindaskeiðum. Þungatakmarkanir skulu vera í samræmi við burðarþol að teknu tilliti til öryggismarkna sbr. gögn frá Eflu, verkfræðistofu.
- Lágmarka skal fjölda bifreiða og tækja á ísnum hverju sinni til að draga úr óþarfa áhættu.
- Ekki verði um neinar athafnir að ræða á svæðum sem mögulega gætu verið með veikum blettum vegna athafna seinustu vikna. Slík svæði verði girt af og allri umferð haldið frá þeim.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill nema á frosinni, snævi þakinni jörð. Að sama skapi er óheimilt að leggja bílum utan vega.
- Afmá skal öll ummerki um kvikmyndatökurnar á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt. Sérstaklega skal þess gætt að frauðplast, gervisnjór og annað sem til fellur við kvikmyndagerðina verði ekki eftir í náttúrunni að loknum tókum.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Kynna skal starfsfólki á staðnum þau skilyrði sem fylgja leyfinu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tókunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.

## Leyfisveitingagjald og eftirlit

Samkvæmt 24. gr. b. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar er gjald fyrir afgreiðslu umsóknar um leyfi til kvikmyndagerðar og/eða myndatöku 52.600 kr.

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllt

David Örvar Hansson

Davíð Örvar Hansson  
Sérfræðingur

Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri